

38. Stjórnarfundur Þekkingasetursins Nýheima þann 29 október 2014 kl. 8:30

Mætt: Zophonías Torfason, Kristín Hermannsdóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Nína Síbyl Birgisdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir, Þorvarður Árnason, Vala Garðarsdóttir. Steingerður Hreinsdóttir fundaði í gegnum Skype.

Forföll boðuðu: Ragnhildur Jónsdóttir og Helga Árnadóttir

Fundarstjóri: Davíð Arnar Stefánsson

Fundarritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá:

1. Heimsókn Þekkingarseturs Nýheima á Suðurlandið

Davíð reifaði punkta frá ferð Þekkingarseturs Nýheima á Suðurlandið í síðustu viku. Hann á eftir að hreinrita fundargerðina af fundinum í Fljótshlíð og bæta nánari upplýsingum inn í hana áður en hann sendir á stjórnina. Allir sammála um að ferðin hafi verið mjög gagnleg. Næsta skref er að fá meira kjöt á beinin fyrir starf verkefnastjóra Nýheima og vinna verkáætlun fyrir 2015 í framhaldinu.

Í framhaldi af umræðum um erlenda styrki upplýsir Steingerður að Háskólafélag Suðurlands er einnig að velta fyrir sér vinklum í erlendum styrkveitingum. Hún mun senda okkur skjal með þeim hugmyndum til að máta þau við Nýheimasamstarfið.

Rætt um ráðstefnuhald Nýheima. Fyrir næsta fund ætlar Kristín að taka saman punkta um fuglaráðstefnu sem er áætluð á vegum Samtaka náttúrustofa (SNS) og Náttúrustofu Suðausturlands með aðkomu sem flestra úr Nýheimum í apríl 2015.

Þorri leggur til að við náum utan um mannauðinn í öllu húsinu og kynnum það út á við. Til dæmis að fá ferilskrár hjá öllum í Nýheimum.

Það var ákveðið í Suðulandsferðinni að Klaustur kæmi í heimsókn til okkar. Þurfum að finna dagsetningu fyrir þá heimsókn. Einnig verður hver og einn í Nýheimum að vera búinn að hugsa betur samstarfsfletina hjá sinni stofnun fyrir komu þeirra.

Þorri upplýsir að hann og Kristín hafi hitt Helga Björnsson jöklafræðing á fundi á Klaustri á heimleiðinni frá Suðurlandi. Helgi hefur unnið mikið með Hornafirði og vilja þau að Nýheimar bjóði Helga í heimsókn. Allir sammála um að það væri mikill fengur í að fá hann til okkar, var það meðal annars nefnt í sambandi við Jökulheima Hornafjarðarsafna, áform aðila í Hoffelli osfrv. Þorri og Davíð ræða við Helga Björnsson.



Vala upplýsir að Hornafjörður heyrir nú aftur undir Minjavernd Austurlands, en þar er nýr starfsmaður sem er ennþá án staðsetningar. Fundarmenn voru sammála um að bjóða honum og konu hans í heimsókn til Hafnar og kynna fyrir þeim búsetuskilyrði á Höfn og nágrenni.

Þórarinn frá SASS verður á Höfn í næstu viku og langar að hitta stjórn Nýheima. Árdís hefur samband við Þórarinn til að finna fundartíma.

Fundi slitið kl. 9:35.